

Starfsmenn Seiglunar

Iðjuþjálfari

Upphaf þjónustu hefst með viðtali við iðjuþjálfara, sem aðstoðar þig við að setja saman þjónustuáætlun sem hæfir þínu áhugasviði, færni og vilja. Farið er yfir líkamlega, vitræna og félagslega færni og áhugasvið kannað. Breytingar sem hafa orðið eftir greiningu sjúkdómsins eru skoðaðar og áhrif þess á líf þitt. Reglulega er gert endurmat á þjónustunni svo að þú fái þá bestu mögulegu þjónustu frá okkur hverju sinni.

Iðjuþjálfari í Seiglunni er
Harpa Björgvinsdóttir
harpa@alzheimer.is

Sálfræðingur

Eðlilega kvikna stundum erfiðar tilfinningar hjá fólki sem greinist með ólæknandi sjúkdóm. Við blasir aðlögun að nýjum, óvissum aðstæðum og nýrri framtíðarsýn. Það getur verið gott að ræða þessar tilfinningar við fagfólk, fá fræðslu og aðstoð við að finna og nýta styrkleika sína í nýjum aðstæðum. Í Seiglunni bjóðast þjónustuþegum og nánustu aðstandendum þeirra viðtalstímar hjá sálfræðingi.

Sálfræðingur í Seiglunni er
Brynhildur Jónsdóttir
brynhildur@alzheimer.is

Aðstoðarmenn iðjuþjálfara

Oddný Friðriksdóttir Árdal
oddny@alzheimer.is
Sigríður Eyjólfsdóttir
sigridur@alzheimer.is